

Mýrdalshreppur
b/t George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 5. júlí 2019
UST201906-169/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028 - Ferðapjónustusvæði við Sólheimajökul

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 vegna ferðapjónustusvæði við Sólheimajökul.

Í greinargerð kemur fram að breyting snýr að því að verslunar- og þjónustusvæði V21 er breytt í afþreyingar og ferðamannasvæði (AF), svæðið er stækkað úr 1 ha í 5,5 ha og afmörkun landnotkunar færð til suðurs. Auk þess kemur fram að við bætist afmörkun brunnsvæðis í samræmi við áætlanir á svæðinu.

Ferðamenn og náttúra

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi að meta þörmörk svæðisins og byggja upp aðstöðu í samræmi við þá greiningu svo svæðið geti tekið betur á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Bílastæði og frágangur svæðis

Í tillögunni kemur fram að afmörkun landnotkunar verður færð til suðurs. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver landnotkun verður á núverandi svæði þar sem það svæðinu liggur vegur að því og þar er bílastæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að frágangur á svæðinu verði til fyrirmyndar ef tillagan gerir ráð fyrir að veginum og/eða bílastæðinu verður lokað.

Ásýnd


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli eins vel að umhverfinu og kostur er, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur